

Fundargerð háskólaráðs

321. fundur 31. október 2012

stofu 262 Borgum kl. 09.15 til 10.25

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 09.15.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra

Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs var í símasambandi

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

"[nöfn og starfsheiti]"

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 320. fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Fundargerð 320. fundar var samþykkt.

2. Umsóknir um Nansensstöðuna, umsögn valnefndar, næstu skref

1205042

Rektor gerði grein fyrir bréfi valnefndar sem dagsett er 25. október. Niðurstaða

valnefndar er að hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðunni sé Natalia

Loukacheva. Annar hæfastur er Robert Wheelersburg og þriðji hæfastur er Peter

Örebech.

Eftir umræðu samþykkti háskólaráð samhljóða að fara að tillögu valnefndar og

verður Nataliu boðin staðan til eins árs.

SAS
HLK
HEIA
WCU

Staðan verður auglýst aftur fljótlega fyrir ráðningartímabilið janúar-desember 2014 enda er hún veitt í eitt ár í senn.

3. Samningur HA og menntamálaráðuneytis og viðauki, fundur 15. okt. 2012
1203003

Rektor benti á að samningur við ráðuneytið er um fjárframlög til kennslu og rannsókna. Í viðauka með samningnum er ákvæði um að ráðuneytið skuldbindur sig ekki til frekari framlaga vegna ýmissa annarra verkefna sem háskólinn ákveður að setja í aðgerðaáætlun.

Rektor útskýrði nokkur atriði í samningnum. Hvatti hann fundarmenn til að lesa samninginn og viðauka með honum en viðaukinn verður uppfærður árlega.

Rektor og fleiri fulltrúar HA áttu fund með fulltrúum menntamálaráðuneytis um viðaukann 15. október og næsti slíkur fundur verður vorið 2013.

4. Skipun nefndar til að fjalla um tillögu að veitingu heiðursdoktorsnafnbótar við HA
1211023

Samkvæmt nýjum reglum um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni við HA skipar háskólaráð nefnd til að fjalla um tillögur að veitingu slíkrar nafnbótar. Óskað var eftir tilnefningum frá fræðasviðum háskólans. Háskólaráð samþykkti að skipa í nefndina:

Andreu S. Hjálmsdóttur lektor, hug- og félagsvísindasviði

Ingvar Teitsson dósent, heilbrigðisvísindasviði

Rannveigu Björnsdóttur dósent, viðskipta- og raunvísindasviði


Pál Skúlason prófessor, formann nefndarinnar (valinn af háskólaráði).

5. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá dagskrá fundar í verkefnisstjórn opinberu háskólanna, en hann mun taka þátt í honum á fjarfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.25.


Svantýður Jónas Elcristir, Höfðan
Björn Svantýðsson, Hólabær
Hafdis Eina Þorbjarnardóttir